



Bridgehátíð 2006 Mótsblað



Ritstjórar: Ómar Olgeirsson og Sveinn Rúnar Eiríksson

Ágætu lesendur

Ágætu bridgespilarar og gestir. Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til Bridgehátíðar sem er sú 26. í röðinni. Greinilegt er að hátíðin er að auka vinsældir sínar erlendis þar sem aldrei hafa fleiri erlendir spilarar komið á eigin vegum.

Sú nýjung er á þessari hátíð að við byrjum á boðsmóti sem við köllum stjörnutvímennning og haldinn er í fyrsta skipti. Þar reyna með sér 16 sérstaklega valin pör, bæði erlend og íslensk. Trúlega er þetta sterkasti tvímennningur sem haldinn hefur verið hér á landi og verður gaman að fylgjast með. Ný tímasetning er á hátíðinni þar sem tvímennningurinn byrjar nú á fimmtudagskvöldi, í stað föstudags, og lýkur á föstudagskvöldi. Sveitakeppnin hefst síðan á laugardag og lýkur á sunnudagskvöldi með verðlaunaafhendingu fyrir allt mótið. Vona ég að þessi breyting verði hátíðinni til framdráttar.

Ég óska ykkur góðrar skemmtunar!

Guðmundur Ó. Baldursson
Forseti Bridgesambands Íslands

Stjörnutvímennigur

Gleðilega hátíð!!

Að þessu sinni verður tekið forskot á sæluna með stjörnutvímenningi kvöldið fyrir Bridgehátíð. Spilað er á Hótel Loftleiðum miðvikudaginn 15.febrúar og hefst mótið kl. 19.

Þátttakendur verða núverandi landsliðsmenn Íslands og fyrrverandi heimsmeistarar. Einnig taka þátt erlendar stjórnur. Hvaða stjórnur munu skína skærast?




1	Ljósbrá Baldursdóttir – Björn Eysteinnsson	Logoflex ehf.
2	Andrew McIntosh – Curtis Cheek	J.T. Veitingar Hótel Loftleiðum
3	Magnús E. Magnússon – Matthías G. Þorvaldsson	Morgunblaðið
4	Mårten Gustawsson – Johan Sylvan	Logoflex ehf.
5	Bjarni H. Einarsson – Sigurbjörn Haraldsson	Þrír Frakkar
6	Karl Sigurhjártarson – Sævar Þorbjörnsson	American Style
7	Bengt-Erik Efraimsson – Anders Morath	Olúfélagið ehf.
8	Hjördís Eyþórsdóttir – Joe Grue	Málning hf.
9	Norskt par eða íslenskt	Icelandair
10	Peter Fredin – Lars Blakset	Málning hf.
11	Piotr Tuszinski – Apolinary Kowalski	Olúfélagið ehf.
12	Peter Hecht Johansen – Knut Blakset	American Style
13	Brad Moss – Fred Gitelman	Icelandair
14	Ásmundur Pálsson – Guðm. Páll Arnarson	Þrír Frakkar
15	Jón Baldursson – Þorlákur Jónsson	J.T. Veitingar Hótel Loftleiðum
16	Aðalsteinn Jörgensen – Sverrir Ármannsson	Morgunblaðið



Landslið Íslands í opnum flokki:

Efri röð: Matthías Þorvaldsson, Magnús Magnússon, Sigurbjörn Haraldsson, Bjarni Einarsson.

Neðri röð: Þorlákur Jónsson, Björn Eysteinnsson, Jón Baldursson.



Ljósbrá Baldursdóttir – Björn Eysteinnsson

Ljósbrá er núverandi Íslandsmeistari í sveitakeppni í opnum flokki. Er hún fyrsta og eina konan sem hefur náð þeim titli. Hún gerði sér lítið fyrir og vann bötlerútreikninginn bæði í undankeppninni og úrslitum! Hún er gift Matthíasi Þorvaldssyni landsliðsmanni.

Björn Eysteinnsson var fyrirliði heimsmeistarana í Yokohama 1991. Hann lagði mikið upp úr því að menn væru í góðu líkamlegu formi. Hann mun eftir langt hlé aftur taka að sér þjálfun liðsins. Mun sagan endurtaka sig?

Ljósbrá is a member of the team that is the current Icelandic Champions in teams. She is the first and only woman to achieve that in Iceland. On the way to the Championship she topped the butler score not only in the finals but also the semifinals. She is married to Matthías Þorvaldsson.

Björn Eysteinnsson was npc of the team that won the Bermuda Bowl 1991. He came with new ideas in physical and mental training and was very demanding that players achieved top form and maintained it. He has just accepted being npc for the Open Team again and Icelandic bridge players are hoping that he will be able to lead us to the top again.

Andrew McIntosh – Curtis Cheek

Andrew McIntosh er enskur atvinnuspilari sem hefur verið í fremstu röð á Englandi undanfarin ár. Hann hefur nokkrum sinnum þjálfað enska unglingslandsliðið.

Curtis Cheek er bandarískur atvinnuspilari. Hann starfaði sem eldflaugaverkfræðingur en fannst það of auðvelt! og sneri sér alfarið að bridge. Hann er giftur Hjördísi Eyþórsdóttur.

Andrew McIntosh has been a professional bridge player in England for years. He has represented the English Open team and been npc for the English junior team.

Curtis Cheek is best known in Iceland for being married to Hjördís Eyþórsdóttir. He has been a professional bridge player in USA for many years. Before becoming a bridge pro he was working as a Rocket Engineer but quit that to spend more time with bridge and Disa.

Magnús E. Magnússon – Matthías G. Þorvaldsson

Magnús bjó í nokkur ár í Svíþjóð en er nú fluttur aftur til Íslands. Magnús og Matthías eru núverandi Íslandsmeistarar í sveitakeppni og verða í landsliði Íslands á Evrópumótinu í Póllandi í sumar.

Magnus and Matthias have formed one of Icelandic strongest partnerships. They have been regular members of the Icelandic national team, as a pair since 2004. They won all the biggest events in Iceland and are current national champions in Teams.

Mårten Gustawsson – Johan Sylvan

Mårten Gustawsson og Johan Sylvan verða í landsliði Svía á Evrópumótinu í Póllandi í sumar.

Mårten og Anders Morath urðu í 5.sæti á Opna Evrópumótinu í Menton 2003. Johan Sylvan var í landsliði Svíþjóðar sem varð í 2.sæti á Evrópumótinu 2004 og í 4.sæti á Bermuda Bowl í fyrra.

Mårten and Johan will both be in the Swedish Open team on EM in Poland this summer. Mårten finished 5th in the Open European Teams in Menton 2003. Johan was on the Swedish team that finished 2nd in EM 2004 and 4th in Bermuda Bowl 2005.

Bjarni H. Einarsson – Sigurbjörn Haraldsson

Bjarni og Sigurbjörn verða í landsliði Íslands á Evrópumótinu í Póllandi í sumar. Þeir eru nýskriðnir upp úr yngri spilara flokki þar sem þeir urðu Norðurlandameistarar 2001. Sigurbjörn var á tímabili næst stíghæsti spilari Evrópu í þeim flokki. Þeir eru þó engir nýgræðingar því þeir hafa báðir spilað í landsliðinu í opnum flokki nokkrum sinnum áður.

Bjarni and Sigurbjörn will be members of the Icelandic Open team in EM 2006. Both had success as juniors and they were both on the team winning NM Teams for juniors 2001. They both have also had success in national tournaments and its just a matter of time when they will enjoy international success.

Karl Sigurhjartarson – Sævar Þorbjörnsson

Karl og Sævar eru gamalreyndir jaxlar sem hafa margoft spilað í landsliði Íslands og m.a. orðið Norðurlandameistarar. Þeir eru núverandi Íslandsmeistarar í sveitakeppni.

Karl and Sævar have been on the top in Iceland for a long time. They have been numerous times in the National team and both have won NM for teams. They are current Icelandic Champions in Teams.

Bengt-Erik Efraimsson – Anders Morath

Bengt-Erik Efraimsson og Anders Morath verða í landsliði Svía á Evrópumótinu í Póllandi í sumar. Bengt-Erik varð í 2.sæti í parasveitakeppninni á Opna Evrópumótinu á Tenerife síðasta sumar. Anders Morath hefur verið einn fremsti spilari Svía í áratugi. Hann var í liði Svía sem varð að sætta sig við 3.sæti í Yokohama 1991 eftir naumt tap á móti Íslendingum í undanúrslitum.

Bengt and Anders will be on the Swedish national team in EM 2006. Bengt finished 2nd in EM in Mixed teams last summer on Tenerife. Anders has been one of Swedens best players for decades. He won EM for teams 1977 and was a member of the Swedish team finishing 3rd in Yokohama 1991.

Hjördís Eyþórsdóttir – Joe Grue

Hjördís Eyþórsdóttir er íslenskum bridgespilurum vel kunn. Hún gerði garðinn frægan hér heima áður en hún fluttist til Bandaríkjanna fyrir 13 árum síðan til að gerast atvinnumaður. Þar hefur hún búið síðan og náð góðum árangri í kvenna- og paraflokki og er gift atvinnumanninum Curtis Cheek. Hjördís hefur ætíð verið trú heimalandinu og mætt reglulega á Bridgehátíð, nú með stjörnum prýtt lið sterkra atvinnumanna. Hún hefur verið dugleg við að koma Bridgehátíð á kortið erlends og fær hún þakkir fyrir.

Joe Grue er atvinnumaður í Bandaríkjunum og spilar hann þar við Curtis Cheek. Joe spilaði stórt hlutverk í liði Bandaríkjanna sem vann heimsmeistaramót yngri spilara nú í haust. Hann er aðeins 25 ára að aldri og hefur verið í gríðarlegri framför undanfarin ár. Má ætla að hann eigi eftir að láta mikið að sér kveða við bridgeborðið í framtíðinni.

Hjördís is very well known in Iceland. She was very succesful in Iceland before she moved to USA 13 years ago to make it as a bridge pro. She has lived there since and achived success in ladies and mixed events as well as marrying Curtis Cheek. Hjördís has never forgotten her roots and she is usually one of the first to register for Icelandair Open.

Joe Grue is a professional bridge player in USA where he partners Curtis Cheek. Joe played a leading role in the team what won WM teams for junior last autumn. He is only 25 years old and he has success written all over him.

Norskt par eða íslenskt

Pegar blaðið fór í prentun var ekki búið að staðfesta hvaða par yrði 16.parið. When this bulletin was printed the 16th pair hadn't been confirmed.

Peter Fredin – Lars Blakset

Peter Fredin hefur um árabíl verið í landsliði Svíþjóðar sem varð í 2.sæti á Evrópumótinu 2004 og í 4.sæti á Bermuda Bowl í fyrra.

Lars Blakset hefur verið einn sterkasti spilari Dana um árabíl en hann rekur ásamt bróður sínum Blaksets Bridgecenter í Kaupmannahöfn. Fredin og Lars unnu tvímenning Bridgehátíðar í fyrra og voru í 2.sæti 2004 þannig að þeir eru til alls líklegir í ár!

Peter Fredin has been a member of the Swedish Open team for years. Recent success with that team are 2nd in EM 2004 and 4th in Bermuda Bowl 2005.

Lars Blakset is (one of) the strongest players in Denmark the last decades. He and his brother run Blaksets Bridgecenter in Copenhagen. Lars and Peter have a title to defend as they won the Icelandair Open in pairs 2005. As well as finishing 2nd 2004 they will be disappointing if they don't have a top finishing place this year.

Piotr Tuszinski – Apolinary Kowalski

Pólverjarnir Tuszinski og Kowalski unnu tvímenninginn og voru í 2.sæti í sveitakeppninni á Opna Evrópumótinu á Tenerife síðasta sumar þannig að þeir verða erfiðir viðureignar hér á Bridgehátíð.

Piotr and Apolinary won the Open EM in Pairs in Tenerife 2005 as well as finishing 2nd in the teams in same event. They have had a lot of both national and international success for a long time in the bridgeworld. Given their success they must be favorites for great success in Icelandair Open 2006.

Peter Hecht Johansen – Knut Blakset

Peter Hecht Johansen hefur undanfarin ár haldið eitt sterkasta tvímenningismót sem haldið er í Evrópu ár hvert, Hecht Cup.

Knut Blakset hefur um árabíl verið einn af sterkustu spilurum Danmerkur. Sveit Peter Hecht varð í 3.sæti í sveitakeppninni á Opna Evrópumótinu á Tenerife síðasta sumar.

Knut has been (one of) the strongest Danish player for decades. He and Peter have had great success in recent Icelandair Open and they finished 3rd in the EM open Teams last year in Tenerife. Peter Hecht organizes one of the strongest pairs tournament every in Europe every year, the Hecht Cup.

Brad Moss – Fred Gitelman

Fred Gitelman og Brad Moss eru eitt sterkasta parið í Bandaríkjunum í dag. Þeir eru atvinnumenn í sveit Russ Ekeblad sem vann Spingold síðasta sumar og varð í 3. sæti í Bermuda Bowl.

Gitelman er Kanadamaður sem spilaði á árum áður í landsliði Kanada og er hann einnig þekkur fyrir að búa til forritið Bridge Base sem sýnir frá flestum sterkustu mótum heims, meðal annars frá þessari Bridgehátíð.

Brad and Fred form one of the best pair playing in USA today. They are both professionals and play in Russ Ekeblad's team that won the Spingold last summer and also finished 3rd in the Bermuda Bowl 2005. Fred is a Canadian who has represented Canada on numerous occasions. He is also known as the maker of BridgeBase that has live vugraph from the strongest tournaments in the world, including Icelandair Open.

Ásmundur Pálsson – Guðm. Páll Arnarson

Ásmundur hefur verið einn fremsti spilarí Íslands í um hálfari öld!

Guðmundur Páll er einn af heimsmeisturinum frá Yokohama 1991. Þeir hafa átt gott samstarf undanfari ár, eru núverandi Íslandsmeistarar í tvímenni og sigruðu í tvímenni Bridgehátíðar 2004.

Ásmundur has been in the frontline of Icelandic bridge for around 50 years! Guðmundur Páll has achieved both national and international success e.g. by winning the Bermuda Bowl 1991. Ásmundur and Guðmundur Páll are current Icelandic Champions in Pairs and they won the Icelandair Open pairs 2004.

Jón Baldursson – Þorlákur Jónsson


Jón og Þorlákur eru af mörgum taldir besta íslenska parið um þessar mundir. Þeir verða í landsliðinu á Evrópumóttinu í Póllandi í sumar. Þeir voru í Yokohamaliðinu 1991.

Many think Jón and Þorlákur form the strongest Icelandic partnership today. They will represent Iceland in EM teams 2006. They won the Bermuda Bowl 1991.

Aðalsteinn Jörgensen – Sverrir Ármannsson

Aðalsteinn og Sverrir hafa spilað saman í mörg ár með góðum árangri og oft spilað fyrir Íslands hönd. Þeir félagar hafa unnið þónokkra Íslandsmeistaratitla saman. Aðalsteinn var í Yokohamaliðinu 1991 og spilaði þá við Jón Baldursson.

The partnership of Aðalsteinn and Sverrir has been successfully ongoing for years. They have represented Iceland in international competitions and won all Icelandic awards available. Aðalsteinn was a member of the Icelandic team winning the Bermuda Bowl 1991.



Tvímennitur Bridgehátíðar

Fimmtudaginn 16. febrúar hefst tvímennitur Bridgehátíðar á Hótel Loftleiðum. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra mun setja mótið kl. 19:00 og síðan verður spilað fram yfir miðnætti. Byrjað er kl. 11 daginn eftir og lýkur mótinu um kvöldmat á föstudag. Mikill áhugi er fyrir mótinu en stöðva þurfti skráningu í 132 þörum. Hátt í 60 erlendir spilarar taka þátt að þessu sinni sem er nýtt met!

Lars Blakset og Peter Fredin sigruðu í tvímenningskeppninni í fyrra, en röð efstu para varð þessi:

- 1 892 Lars Blakset - Peter Fredin
- 2 854 Olav Ellestad - Bjørnar Halderaker
- 3 827 Sævar Þorbjörnsson - Karl Sigurhjartarson
- 4 687 Rune Hauge - Tor Helness
- 5 637 Steve Garner - Howard Weinstein
- 6 550 Fred Moen - Ingvar Erga
- 7 510 Erik Sælensminde - Jan Petter Svendsen
- 8 510 Geoff Hampson - Curtis Cheek
- 9 493 Páll Þórsson - Kjartan Ásmundsson
- 10 479 Hrólfur Hjaltason - Ásgeir Ásbjörnsson

Sigurvegarrar síðustu tveggja ára:

2005



Lars Blakset – Peter Fredin

2004



Guðmundur Páll Arnarson - Ásmundur Pálsson

Verðlaun í tvímenninum eru eftirfarandi:

1. 3.000\$
2. 2.000\$
3. 1.400\$
4. 1.000\$
5. 700\$
6. 600\$
7. 500\$
- 8-9 400\$
- 10-12 300\$

Auk þess verða veitt 100\$ verðlaun til besta kvennarparsins, besta unglíngarparsins, besta blandaða parsins og besta (h)eldra parsins (samtals 110 ára+). Það verður þó að hafa yfir 50% skor.

Sveitakeppni Bridgehátíðar

Sveitakeppnin hefst kl. 11 laugardaginn 18.febrúar. Ákveðið var að stöðva skráningu í 72 sveitum. Spilað er til 20:15 fyrri daginn. Byrjað er kl. 11 á sunnudag og klárast mótið kl. 17:45.

Sveit Garða og véla sigraði í fyrra. Sveitina skipuðu Símon Símonarson, Rúnar Magnússon, Friðjón Þórhallsson, Sigfús Örn Árnason og Stefán Guðjohnsen. Röð efstu sveita varð annars þessi:

1	Garðar & vélar ehf.	198
2	Team Gillis	192
3	Garner	178
4	Katz	176
5	Málning	175
6	Skeljungur	173
7	Sparisjóður Siglufjarðar	172
8	Regeldur	171
9	Ferðaskrifstofa Vesturlands	170
10	Janet de Botton	169
10	Eykt	169

Sigurvegarnar síðustu tveggja ára:

2005



Garðar og vélar:
Sigfús Örn Árnason, Friðjón Þórhallsson,
Símon Símonarson, Rúnar Magnússon

2004



Eykt:
Jón Baldursson, Sverrir Ármannsson,
Aðalsteinn Jörgensen, Þorlákur Jónsson

Verðlaun í sveitakeppni eru eftirfarandi:

1. 3.000\$
2. 2.000\$
3. 1.200\$
4. 800\$
5. 500\$
6. 400\$

Fylgist með á netinu!

Þeir sem ekki komast á Hótel Loftleiðir geta fylgst með spilamennskunni á netinu.

Í fyrsta skipti á Íslandi verður prófuð ný tækni við útreikning með Bridgemate-tölvum. Þessa tækni er farið að nota á öllum stærstu mótunum, m.a. í keppninni um Bermúdaskálina. Staðan uppfærast jafnóðum á **swangames.com**. Á Swangames er einnig hægt að fylgjast með töfluleikjum.

Hægt er að fylgjast með sveitakeppninni á **bridgebase.com**. Einnig má fylgjast með stöðunni á **bridge.is**

Einfalt er að setja upp hugbúnaðinn:

→ www.swangames.com

→ Download

→ Complete download

→ www.bridgebase.com

→ Bridge Base Online -- free online bridge

→ Download

→ AOL users: [click here to download](#)

Framhaldið rekur sig sjálf, velja þarf notandanafn (User name) og aðgangsorð (password).

...sækið kaffi, hallið ykkur aftur í sætinu og njótið...



**REMEMBER THE RULE OF ELEVEN !
WE START 11 O'CLOCK !!!**



Bridgesamband Íslands vill þakka eftirtöldum fyrirtækjum veittan stuðning:

